

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um merkingar á gatnamótum Urðarbrunnis og Úlfarsbrautar

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals þann 16. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Íbúaráðinu barst fyrirspurn frá íbúa sem vildi fá svör við óvissu um rétt ökumanna við gatnamót Úlfarsbrautar og Urðarbrunnis. Óskað er eftir svörum frá skrifstofu samgöngustjóra um hvort og þá hvernig megi merkja gatnamótin betur með hliðsjón af því að ekki er um að ræða hringtorg þó það líti út fyrir að vera það? Kemur til greina að setja biðskyldumerki á gatnamótin þegar komið er úr Urðarbrunni til móts við Úlfarsbraut?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann sama dag.

Svar:

Það er ekki á áætlun að breyta gatnamótum með uppsetningu á biðskyldumerki á Urðarbrunn til móts við Úlfarsbraut. Ekki er heldur fyrirhugað að setja upp aðrar merkingar um forgang umferðar. Þegar kemur að forgangi á gatnamótunum þá gildir 26. gr. umferðarlaga.

Sambærileg fyrirspurn barst frá íbúaráði Grafarholts og Úlfarsárdals þann 21. september 2020 (mál nr. USK2020110010) sem var svarað með bréfi dags. 19. nóvember 2020.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri